

**Því úrskurðast:**

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga fyrir kr. 322.680.00 ásamt 12% ársvöxtum frá 7. júlí 1972 til greiðsludags. Allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli greiði kr. 20.000.00 í málskostnað.

Mánudaginn 28. október 1974.

Nr. 177/1974: **Ólafur Stefánsson**

gegn

**Stjórn Lögmannafélags Íslands.**

**Dómenndur:**

hæstaréttardómaraþir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Leqi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Lögmannsþóknun. Frávísun.

**Dómur Hæstaréttar.**

Með kæru 27. september 1974, sem barst Hæstarétti 10. þ. m., hefur sóknaraðili kært ákvörðun varnaraðilja í bréfi hans 18. september 1974 um frávísun á kröfu sóknaraðilja um að fá úrskurðað hæfilegt endurgjald fyrir tiltekin málflutningsstörf. Krefst hann þess, að hin kærða ákvörðun verði úr gildi felld og lagt verði fyrir varnaraðilja að taka málið til efnismeðferðar.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Hinn 27. ágúst 1974 ritaði sóknaraðili, Ólafur Stefánsson, fulltrúi í fjármálaráðuneytinu, sem hefur leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi, varnaraðilja bréf. Óskaði hann eftir úrskurði hans fyrir hæfilegt endurgjald sér til handa fyrir flutning tveggja tiltekinna mála, sem hann hafði flutt á bæj-

arþingi Reykjavíkur fyrir fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs. Auk þess gerði hann kröfu um „hæfilegan málskostnað fyrir þetta málskot til stjórnar Lögmannafélags Íslands.“

Varnaraðili svaraði sóknaraðilja með bréfi 18. september 1974. Segir þar m. a. svo:

„Í 21. gr. 1. nr. 61/1942 er ákvæði þess efnis, að félög eða stofnanir, sem hafa embættisgenga lögfræðinga í fastri þjónustu sinni, geti látið þá fara með mál sín fyrir héraðsdómi hvar sem er á landinu. Efnislega samhljóða ákvæði er í 2. gr. reglna um málflytjendastörf manna í opinberu starfi.

Stjórn Lögmannafélags Íslands hefur aflað sér upplýsinga um, að þér séuð í fastri þjónustu fjármálaráðuneytisins sem fulltrúi og það starf sé fullt starf og aðalstarf yðar. Þér hafið ekki opna skrifstofu á reglulegum viðskiptatíma fyrir almenning. Samkvæmt ofangreindu uppfyllið þér ekki skilyrði þess að hafa leyfi til málflutnings, annars vegar vegna þess að málflytjendastarf er ósamrýmanlegt opinberu starfi yðar og hinsvegar uppfyllið þér ekki skilyrði laga nr. 61/1942 um skrifstofu.

Stjórn Lögmannafélags Íslands lítur skv. framangreindu svo á, að ágreiningur yðar og vinnuveitanda yðar, fjármálaráðuneytisins, um endurgjald fyrir flutning dómsmála, sem þér hafið flutt með heimild í 21. gr. 1. nr. 61/1942, jafngildi ekki ágreiningi milli lögmanns og umbjóðanda hans, og stjórnin eigi því ekki úrskurðarvald um ágreininginn skv. 8. gr. 1. nr. 61/1942.

Ákvæðum lágmarksgjaldskrár LMFÍ verður og aðeins beitt í samskiptum lögmannna og viðskiptamanna þeirra, en ekki um málflytjendastarf skv. 21. gr. 1. 61/1942.

Erindi yðar er því vísað frá stjórn Lögmannafélags Íslands.“

Ákvörðun þessi verður að skoðast sem úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands, sem heimilt er að kæra til Hæstaréttar samkvæmt 8. gr. laga nr. 61/1942.

Samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 31 10. febrúar 1971, sem sett er samkvæmt heimild í 23. gr. laga um málflytjendur nr. 61/1942, er lögfræðingum, sem starfa í stjórnarráði, óheimilt

að stunda málflytjendastarf, meðan þeir gegna slíkum störfum. Gildir þetta jafnt, þótt viðkomandi lögfræðingur hafi fengið leyfi til málflytninga samkvæmt lögum nr. 61/1942. Samkvæmt 2. gr. reglugerðarinnar er lögfræðingum í opinberu starfi, sem ósamrýmanlegt er málflytjendastarfi samkvæmt 1. gr. reglugerðarinnar, heimilt að annast málflytningastörf fyrir stofnun þá, er þeir vinna hjá. Verður ekki talið, að stjórn Lögmannafélags Íslands hafi úrskurðarvald um þóknun fyrir slík störf samkvæmt 8. gr. laga nr. 61/1942. Samkvæmt því ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

**D ó m s o r ð :**

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

---

Föstudaginn 1. nóvember 1974.

Nr. 109/1974: **Ólafur Steinþórsson**

gegn

**Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.**

Útivistardómur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjandi, Ólafur Steinþórsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

---